



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 14/2014

### Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Landssamtökum lífeyrissjóða
2. Félag löggiltra endurskoðenda
3. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
4. Seðlabanka Íslands

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 14/2014 varð að reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Landssamtök lífeyrissjóða	Almenn umsögn	<p>Landssamtök lífeyrissjóða telja að nýjar reglur FME um ársreikninga lífeyrissjóða vera tímabærar. Hér á eftir eru nefnt atriði sem ekki á við um einstakar greinar regnanna en LL telja rétt að koma á framfæri við FME. Í reglunum eru engin ákvæði um það hvort heimilt er að endurflokka verðbréf sem lífeyrissjóðirnir eiga við upptöku regnanna (1. janúar 2015), t.d. hvort hægt væri að flokka skuldabréf á gangvirði frá þeim tíma hafi það áður verið fært miðað við upphaflega kaupkröfu. Æskilegt væri að á þessu atriði yrði tekið.</p>
2	Seðlabanki Ísland	Almenn umsögn	<p>Töluverð umræða hefur verið um kosti og galla gangvirðisfærslu eigna í ársreikningum og samanburð við uppreiknað kaupverð, (s.s. grein Plantin, Sagra og Shin í Financial Stability Review franska seðlabankans frá 2008). Margt bendir til þess að gangvirðisfærslur séu heppilegri en kostnaðarvirði þegar markaðir eru virkir og djúpir. Þegar markaðir eru ekki fullkomnir magna gangvirðisfærslur verðbreytingar og auka þar með áhættu við fjárfestingar. Ókostir gangvirðis verða yfirgnæfandi þegar seljanleiki eigna þverr. Notkun gangvirðis er óhagkvæmari þegar illa árar á mörkuðum en óhagkvæmni þess að notast við kaupverð kemur fram þegar vel árar. Notkun gangvirðis kemur betur út þegar fjárfest er í skammtímaeignum en uppreiknað kaupverð þegar fjárfest er í langtímaeignum. Mótstaða við gangvirðisfærslur hefur enda verið mest hjá bönkum (sem einkum halda á langtímaeignum) og tryggingarfélögum.</p> <p>Lífeyrissjóðir halda fyrst og fremst á langtímaeignum og skuldir þeirra eru jafnframt til langs tíma. Gangvirðisfærslur hafa áhrif á mælda afkomu sjóðanna og gætu hugsanlega aukið þrýsting til hækkunar lífeyrisgreiðslna ef gangvirði hækkar, þótt aðeins sé um tímabundna (kannski nokkurra ára) sveiflu í verði að ræða. Það myndi rýra stöðu sjóða til langs tíma. Notkun gangvirðis getur aukið áhættutöku í fjárfestingum meðan viðmið við kaupverð eykur varfærni. Verðbréfamarkaðir á Íslandi eru ekki fullkomnir. Þeir eru ekki djúpir og seljanleiki oft takmarkaður. Lífeyrissjóðir eiga gjarnan stóra hluta í einstökum flokkum útgefinna verðbréfa og bregðast margir svipað við breytingum á markaðsaðstæðum. Aukið næmi þeirra fyrir verðbreytingum gæti því aukið verðsveiflur verulega.</p> <p>Allt þetta bendir til þess að notkun uppreiknaðs kaupverðs henti líklega betur í uppgjöri lífeyrissjóða en notkun gangvirðis.</p>
3	Landssamtök lífeyrissjóða	2	<p>Í skilgreiningu á gangvirði er lagt til að notað verði orðið "venjulegum" í stað þess að nota orðið "eðlilegum" fyrir enska orðið "orderly".</p>

4	Landssamtök lífeyrissjóða	3	<p>Í 1. mgr. verði bætt við orðunum "yfirlit um" á undan orðunum "tryggingafræðilega stöðu". Rétt væri að taka fram að yfirlit um tryggingafræðilega stöðu getur aðeins átt við sameignardeildir. Í 2. mgr. verði bætt við orðinu "þessar" á undan orðinu "reglur" í síðasta málslið. Í 5. mgr. verði bætt við orðinu "viðskiptanna" í lok seinni málsliðar til að taka af vafa um það að átt er við uppgjörsdag verðbréfaviðskipta en ekki uppgjörsdag (dagsetningu efnahagsreiknings) lífeyrissjóðsins. Raunar færi betur á því að þessi málsliður yrði fluttur í kafla V um matsreglur, yrði t.d. 3. mgr. 26. gr.</p>
5	Félag löggiltra endurskoðenda	3	<p>1 mgr.: Semja á "efnahagsreikning", "Yfirlit yfir hreina eign til greiðslu lífeyris" er betra nafn á þessu yfirliti.  5. mgr.: Breyta setningunni "Lífeyrissjóður skal bókfæra verðbréfaviðskipti sín miðað við uppgjörsdag." í "Lífeyrissjóður skal bókfæra verðbréfaviðskipti sín þegar hann gerist aðili að samningi, á viðskiptadegi." Að miða við 'uppgjörsdag' er rangt. Reglur reikningsskila miða við þegar skuldbindandi samningur er kominn á, rekstrargrunnur, en ekki þegar viðskiptin er gerð upp, sem er greiðslugrunnur. Hér má t.d. benda á 3.tl. 11.gr. ársreikningalaganna og 9. gr. laga um bókhald. Sem dæmi má nefna að ef hlutabréf er keypt miðað við T+3 (verð miðað við T, en afhending T+3), þá hlýtur að eiga færa viðskiptin strax miðað við verð á kaupdegi, en ekki á afhendingardegi miðað við verð á afhendingardegi.</p>
6	Félag löggiltra endurskoðenda	4	<p>Ef lífeyrisskuldbinding er ekki færð í efnahagsreikning, þá getur ársreikningur varla geta talist gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu.</p> <p>2. mgr.: 2. mgr. ætti að fara út. Hér er verið að segja að það eigi að gefa skýringar ef ársreikningur gefur ekki glögga mynd. Þetta er í andstöðu við reikningsskilareglur, því það á ekki að birta ársreikning sem gefur ekki glögga mynd. Í reikningsskilareglum, eins og í 5. gr. ársreikningalaganna, segir að það eigi, í undantekningartilfellum, að breyta ársreikningnum ef hann gefur ekki glögga mynd, og segja af hverju í skýringum.</p> <p>Það ætti að vera nægilegt að hafa 1. mgr. með sínar tilvísanir í lög og settar reikningsskilareglur. Ef það á að hafa svona ákvæði áfram inni, þá má afrita 2. mgr. 5.gr. laga um ársreikninga.</p> <p>Það ætti að vera nægilegt að hafa 1. mgr. með sínar tilvísanir í lög og settar reikningsskilareglur. Ef það á að hafa svona ákvæði áfram inni, þá má afrita 2. mgr. 5.gr. laga um ársreikninga.</p>
7	Landssamtök lífeyrissjóða	4	<p>Í 1. mgr. verði bætt við orðinu "þessar" á undan orðinu "reglur"</p>

8	Landssamtök lífeyrissjóða	5	Við 1. mgr. verði talað um yfirlit um tryggingafræðilega stöðu. Samsvarandi breytingar verði gerðar á öðrum greinum reglnanna eftir því sem við á.
9	Félag löggiltra endurskoðenda	5	<p>2.mgr.: Bæta við í 2. málsgrein, sbr ársreikningalög: "...til samanburðar. Ef liðirnir eru ekki sambærilegir við færslur frá fyrra ári skal aðlaga þær síðarnefndu. Sleppa má að aðlaga samanburðarfjárhæðir ef breyting á starfsemi lífeyrissjóðsins orsakar það að liðir eru ekki fyllilega sambærilegir. Sundurgreindar ...."</p> <p>4.mgr., síðasta setning: Þar segir að gera skal grein fyrir öllum frávikum.. , þá væntanlega sama hversu lítil þau frávik eru. Hér er kannski óþarfa smámunasemi. Sleppa 'öllum' úr setningunni en bæta við aftast "...skýringum, með tilliti til mikilvægis."</p> <p>Teljum að 3. mgr. sé óþarfi, það er: "Liði í yfirliti um beytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris....reikningsskilum fyrra reikningsárs". Það segir sig sjálfst að ekki eru sýndar línur í fjárhagsyfirlitum sem innihalda engar fjárhæðir.</p> <p>5.mgr. : Fella út orðin "úrfelling þeirra" og setja inn í staðinn "það að sleppa þeim". Setningin byrjar þá: "Upplýsingar í ársreikningi teljast mikilvægar ef ætla má að það að sleppa þeim eða misfærslur hafi veruleg áhrif á ..."</p>
10	Félag löggiltra endurskoðenda	6	Er ástæða til að hafa umfjöllun um samstæðureikningsskil í reglunum? Er gerð samstæðureikningsskila eitthvað sem á við hjá lífeyrissjóðum? Dóttur- og hlutdeildarfélög eru færð á gangvirði skv. þessu nýju reglum.
11	Félag löggiltra endurskoðenda	7	Hér segir "ársreikningur skal ásamt skýrslu stjórnar...". Samkvæmt 3. gr. er skýrsla stjórnar hluti ársreiknings og því ekki rétt að nefna skýrslu stjórnar sérstaklega, líkt og hún sé ekki hluti ársreiknings en eigi að fylgja með. Nægir að segja að ársreikningur skuli ásamt áritun löggilts endurskoðanda liggja frammi...

12	Landssamtök lífeyrissjóða	7	Mætti fella niður orðin "ásamt ársreikningi" í síðasta málslið greinarinnar? Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að ársreikningur og fjárfestingarstefna séu spyrta saman í eitt skjal, en hvort tveggja þarf að vera aðgengilegt sjóðfélögum eins og fram kemur í greininni.
13	Félag löggiltra endurskoðenda	8	Undir lið 1.2 er talað um "regluleg iðgjöld". Teljum að orðið "regluleg" sé óþarft.
14	Seðlabanki Íslands	8	Í 3. mgr. 8. gr. segir að undir lið 1.2. skuli færa "regluleg" iðgjöld frá launagreiðendum. Ekki er talað um "regluleg" iðgjöld varðandi iðgjöld sjóðfélaga.
15	Landssamtök lífeyrissjóða	9	Lagt er til að í 2. mgr. verði notað orðið "makalífeyris" í stað "maka-".
16	Seðlabanki Íslands	9	Liðir 2 og 2.1 bera báðir heitið lífeyrir þó svo að mismunandi þættir tilheyri þessum flokkum. Hér mætti athuga að vera með meira lýsandi heiti á flokkunum.

17	Félag löggiltra endurskoðenda	10	<p>Hnykkja þarf á í greininni hvar á að færa gjaldeyrsgengismun.</p> <p>Liður 3.1: Talað um varúðarniðurfærslu vegna tapsáhættu félaga. Varúðarniðurfærsla vegna tapsáhættu eiga við fjárfestingar á kostnaðarverði, en ekki verður annað skilið á kaflanum um matsreglur að fjárfestingar í eignarhlutum eigi að færa á gangvirði (sem þá tekur tillit til tapsáhættu). Verða einhverjar fjárfestingar í félögum og sjóðum færðar á kostnaðarverði?</p> <p>Liður 3.1: Þar segir að sundurliða eigi breytingar á gangvirði niður á einstök félög og sjóði o.s.v.frv. Þetta getur verið verulega langur listi í einhverjum tilfellum. Því er spurning hvort það ætti að miða við 'verulegar' breytingar, eða breytingar á 10 stærstu eignum í hlutabréfum eða sjóðum. Einnig mætti vísa í 43. gr. og miða við 2% eign.</p> <p>Liður 3.4.: Ekki er ástæða til að ségreina vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum og vaxtatekjur af handbæru fé, hafa allt undir vaxtatekjur af handbæru fé.</p> <p>Skoða framsetningu liðar 3.6 í viðauka. Liður 3.6 ætti að vera fyrirsögn. Samkvæmt þessari grein á að sundurliða þennan lið, sbr. 3.6.1 og 3.6.2. og 3.6.3. Form í viðauka virðist hins vegar gera ráð fyrir fjórum línum, þ.e. að 3.6 sé sérstök lína en fjárhæð hennar svo jafnframt sundurliðuð sbr. liði 3.6.1 og 3.6.2 sem gengur ekki upp.</p>
18	Landssamtök lífeyrissjóða	10	<p>Í greininni er meðal annars talið upp hvað falli undir lið 3.1 (Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum). Meðal tekjuliða er hagnaður af sölu eignarhluta og meðal gjalda er tap af sölu eignarhluta. Hið sama á við um gangvirði. Það felst í heiti liðarins að leiða á fram hreinar tekjur, því virðist eðlilegt að afkoma af sölu eignarhluta falli undir einn lið og gangvirðisbreytingar undir annan, þ.e. nettó-niðurstaðan hverju sinni. Almennt er það svo að hagnaður og tap af sölu einstakra eigna er nettaður saman í ársreikningum félaga. Rétt væri að þeirri reglu yrði fylgt í ársreikningum lífeyrissjóða, hvort sem væri vegna eignarhluta, skuldabréfa eða annarra eignaliða.</p> <p>Þegar eignir eru færðar á gangvirði eru hækkun/lækkun á gangvirði og söluhagnaður/tap í eðli sínu samkynja. Annar liðurinn er færður í bókhald þegar verðbréfin eru seld en hinn þegar þau hafa ekki verið seld í lok uppgjörstímabils. Söluhagnaður/tap felur í sér gangvirðisbreytingu frá því gangvirðisbreyting var síðast færð og getur að hámarki reiknast frá stöðu í ársbyrjun. Því er lagt til að þessir liðir verði sameinaðir í gangvirðisbreytingum.</p> <p>Í greininni er einnig fjallað um þóknanir af verðbréfavíðskiptum og umsýsluþóknanir. LL gerir ráð fyrir að ekki sé nauðsynlegt að þessar þóknanir séu bókfærðar á sérstaka bókhaldslykla ef haldið er utan um upplýsingarnar með skipulegum hætti. Með því að krefjast upplýsinga um áætlaðar þóknanir þegar upplýsingar liggja ekki fyrir eða þær fást ekki gefnar upp er viðbúið að mat einstakra sjóða á sambærilegum eignum geti orðið mismunandi. Verði settar frekari leiðbeiningar um matið óskar LL eftir samvinnu við FME um gerð þeirra. LL leggur til að einungis verði gerð grein fyrir greiddum þóknunum og áföllnum þóknunum þar sem nauðsynlegar upplýsingar liggja fyrir. Verði ekki fallist á framangreinda breytingu leggur LL til að 2. másl. 4. mgr. um lið 3.1 verði breytt, jafnframt því sem honum verði skipt í tvo málsliði svohljóðandi: "Í skýringum skal greina frá slíkum þóknunum. Jafnframt skal greina frá áætlaðri</p>

			<p>umsýslubókun þar sem kostnaðarupplýsingar liggja ekki fyrir, þegar upplýsingar um slíkar bókanir fást ekki gefnar upp eða kostnaður er innifalinn í gengismuni eða vaxtatekjum viðkomandi sjóða."</p> <p>Gert er ráð fyrir að breytingar á gangvirði einstakra félaga og sjóða sem falla undir lið 3.1 séu sundurliðaðar í skýringum. Greining gerir kröfu um mun umfangsmeiri upplýsingar en á við um aðrar tegundir fjáreigna samkvæmt reglunum. Það má efast um að þær komi lesendum ársreikninganna að gagni, því lífeyrissjóðir eiga að öllu jöfnu eignarhluti í mjög mörgum félögum og sjóðum hverju sinni. Upplýsingar um breytingar á gangvirði einstakra félaga koma að takmörkuðum notum, meðal annars vegna þess að tap kann að verða á tilteknum eignarhlut á einu ári, þó ávöxtun á margra ára tímabili hafi verið mjög góð. LL leggur til að þetta ákvæði verði fellt niður. Í skýringum verða upplýsingar um gangvirðisbreytingar einstakra eignaflokka sbr. 34. gr. reglnanna. Upplýsingar um það hvernig breyting gangvirðis t.d. af eignarhlutum í skráðum félögum er samansett bætir engu við þær upplýsingar, því við samanburð á milli sjóða þarf að taka tillit til þess hvernig viðskiptum þeirra innan reikningsársins hefur verið háttað, en um það munu engar upplýsingar að jafnaði vera í ársreikningunum. Án upplýsinga um viðskipti innan ársins og tímasetningu þeirra verða upplýsingar um tekjur af einstökum eingarhlutum næsta marklitlar og nýtast ekki, hvorki í samanburði milli sjóða, né við gangvirðisbreytingu viðkomandi félags á árinu. Slíkar upplýsingar kunna því að vera meira villandi en upplýsandi. Mikilvægt er að hafa í huga að lífeyrissjóðir eru "eignasafns fjárfestar", þannig að ávöxtun eignasafna á að vera í forgrunni, fremur en einstakra fjármálagerna. Verði ekki fallist á tillögu um niðurfellingu greinarinnar er með vísan til mikilvægis lagt til að í stað allra félaga væri sundurliðunin miðuð við helstu félög, því ella gæti sundurliðunin orðið býsna löng.</p> <p>Undir lið 3.2 eru talin vaxtagjöld. Vaxtagjöld geta efni máls samkvæmt einungis fallið til af skuldum. Því er lagt að orðin "vaxtagjöld og verðbætur" verði felld niður.</p> <p>Gert er ráð fyrir að gerð sé grein fyrir endanlegri niðurfærslu skuldabréfa. Rétt væri að fella niður orðið "endanlegri", því upplýsingar um niðurfærslu koma lesanda ársreiknings helst að gagni með tvennum hætti. Annars vegar þegar hún er færð og hins vegar staða hennar á uppgjörssdegi. Ef einungis á að upplýsa um endanlegar afskriftir koma upplýsingarnar að jafnaði fyrst fram löngu eftir að tjón er orðið.</p>
19	Félag löggiltra endurskoðenda	14	<p>3.mgr.: Liður 1.2 Skuldabréf: Hér er gert ráð fyrir að í öllum tilfellum séu skuldabréf sýnd í einni línu. Hér ætti að bæta við valmöguleika fyrir lífeyrissjóði að sýna skuldabréf í tveim línum, Annars vegar 'Skuldabréf færð á gangvirði' og hins vegar 'Skuldabréf færð á kostnaðarverði'. Þá kemur viðbótarsetning: "Lífeyrissjóðum er þó heimilt að færa skuldabréf í tveimur liðum í efnahagsreikningi, annars vegar 'Skuldabréf færð á gangvirði' og hins vegar 'Skuldabréf færð á kostnaðarverði'</p>

20	Félag löggiltra endurskoðenda	15	Í umfjöllun um lið 2.3 er notað orðið "áunnar" (tekjur) en í forminu sjálfu "áfallnar". Mælum með orðanotkun 15. gr. og því notað "áunnar" fremur en "áfallnar".
21	Félag löggiltra endurskoðenda	16	Við sjáum ekki ástæðu til að skilyrða eignfærslu þróunarkostnað við að þeirra sé "aflað gegn greiðslu" ef með því er átt við að viðkomandi eign sé keypt af þriðja aðila. Samkvæmt alþjóðlegum reikningssskilastöðlum er möguleiki, að uppfylltum skilyrðum, að eignfæra innri þróunarkostnað svo sem hugbúnaðarþróun.
22	Félag löggiltra endurskoðenda	18	Skuldir: Í síðustu drögum var gert ráð fyrir að 'Reiknuð áfallin lífeyrisskuldbinding' væri færð í efnahagsreikning, en það er ekki gert í þessum drögum. Þar sem reiknuð áfallin lífeyrisskuldbinding sýnir skuldbindingu lífeyrissjóðs ef honum væri lokað núna, þá ætti að færa hana í efnahagsreikning. Niðurstaðan 'Eignir/skuldir umfram reiknaða áfallna lífeyrisskuldbindingu' sýnir þá rétta stöðu sjóðanna á reikningssskiladegi.
23	Landssamtök lífeyrissjóða	19	Rétt væri að taka fram í greininni hvort skuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna falli undir greinina eður ei, en sérstök ákvæði eru um lífeyrisskuldbindingar.
24	Landssamtök lífeyrissjóða	21	Í c. lið er vísað til 24. gr. reglnanna, en á væntanlega að vera 23. gr.



25	Landssamtök lífeyrissjóða	22	Í d. lið er vísað til 24. gr. reglnanna, en á væntanlega að vera 23. gr.
26	Landssamtök lífeyrissjóða	24	Bent skal á að Alþjóðlega reikningsskilanefndin hefur fellt niður ákvæði um varkárni í Rammanum (e. Framework). Stjórnendum lífeyrissjóða og annarra fyrirtækja ber því að meta eignir og skuldir eftir bestu upplýsingum sem fyrir liggja hverju sinni. Þeim er í raun óheimilt að beita sérstakri varkárni sem leiðir til myndunar "varasjóða" í efnahagsreikningnum og geta þannig gengið gegn hinni glöggu mynd samkvæmt 4. gr. reglnanna.
27	Félag löggiltra endurskoðenda	24	Lagt til að 24 gr. verði: Við mat á einstökum liðum ársreikningsins skal farið eftir ákvæðum V. kafla þessara regna. Ef veruleg óvissa er um mat skal greina sérstaklega frá því í skýringum. Hliðstæðum aðferðum skal beitt við matið frá árið til árs, nema ef ný aðferð gefur gleggri mynd og veitir áreiðanlegri upplýsingar en fyrri aðferðir. Breyting á aðferð telst breyting á reikningshaldslegu mati.
28	Félag löggiltra endurskoðenda	25	Matsaðferðir vegna fjárfestinga: „Beita skal sömu matsaðferðum innan sama liðar ársreiknings þegar um fjárfestingar er að ræða“. Óljóst hvað átt er við með 'matsaðferðum', Td. má benda á 35. gr. um upplýsingar um gangvirði, sem virðist benda á þrepaskiptingu við gangvirðismat skv. IFRS 13. Má þá ekki nota mismunandi verðmatsaðferðir á hlutabréf? Þetta þarf að skýra. Það er einnig spurning hvort þessi setning er óþarfi, hér ætti að vera nóg að hafa 26. gr. sem er með tilvísun í settar reikningsskilareglur.
29	Seðlabanki Íslands	26	Í dag geta margir almennu lífeyrissjóðanna þess í skýringum ársreikninga hvert markaðsverð skuldabréfaeignar þeirra sé. Þannig hafa lesendur ársreikninganna upplýsingar um bókfært verð, markaðsverð og mun þar á milli. Ef gert er ráð fyrir því að mikill minnihluti skuldabréfaeignar sjóðanna sé í virkri stýringu má færa rök fyrir því að eignir þeirra séu meira í ætt við fjárfestingar til gjalddaga (e. held-to-maturity), sem færast á kaupverði, en fjáreignir sem ætlaðar eru til sölu (e. held for trading), sem færast á gangverði. Sé vilji fyrir því að opna fyrir gangverð væri hugsanlegt að snúa þessu við, þ.e. að gangvirði yrði leyft fyrir fyrirfram skilgreind skuldabréf, með samsvarandi breytingu á gr. 28., en að meginreglan yrði áfram kostnaðarverð.

30	Félag löggiltra endurskoðenda	26	1 mgr.: bæta við um dóttur- og hlutdeildarfélag til að taka af allan vafa um að þá eignarhluti eigi einnig að færa á gangvirði. Til dæmis: "Fjármálagerninga, þar á meðal eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélögum, en aðra en þá sem skilgreindir eru í 27. gr. þessara reglna, skal meta á gangvirði."
31	Félag löggiltra endurskoðenda	27	1. mgr.: Setningin "..., enda séu vaxtakjörin í samræmi við það sem almennt gerist á markaði"er óljós. Hvað á að gera ef vaxtakjör eru ekki í samræmi við það sem almennt gerist á markaði? 3. mgr.: Taka á að þessi grein eigi eingöngu við um skuldabréf sem metin eru á kostnaðarverði. Breyta þarf "skuldabréfaeign" í "öðrum skuldabréfum sem metin eru á kostnaðarverði" 3. mgr.: Vantar að skilgreina hvernig tapsáhætta er fundin/metin. Tillaga okkar er "Við mat á útlánum og öðrum skuldabréfum sem metin eru á kostnaðarverði skal taka tillit til þeirrar tapshættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjorsdegi og færa í afskriftarreikning niðurstöðu slíks mats. Afskriftarreikninginn skal draga frá útlánum til sjóðsfélaga í efnahagsreikningi. Tapsáhætta skal metin í samræmi við settar reikningskilareglur. Færa skal niðurfærsluna undir lið 3.2 Hreinar tekjur af skuldabréfum í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris."
32	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	28	Mjög mikilvægt er að FME heimili einfalda aðferð við tilkynningu um gangvirði eða virði samkvæmt kaupkröfu. Eins og segir í greininni er gert ráð fyrir að ákveðið sé við kaupdag skuldabréfs. Það getur tæplega gengið að sum skuldabréf (skuldabréfaflokkar) séu metin á gangvirði og önnur ekki. Undirritaður vill leggja til að hverjum lífeyrissjóði verði skylt að tilkynna inn til FME hvor aðferðin er notuð á formi sem FME ákveður og jafnframt beri sjóðunum að upplýsa sjóðfélaga t.a.m. á heimasíðu sinni með áberandi hætti hvort aðferðin sé notuð. Jafnframt er það skoðun SL að annað hvor aðferðin eigi að gilda um öll skuldabréf. M.ö.o. skuldabréf eigi annað hvort að vera metin á gangvirði eða samkvæmt kaupkröfu.
33	Seðlabanki Íslands	28	Sjá texta um 26. gr. Hætt er við að flokkun skuldabréfa milli sjóðanna yrði mismunandi og þar af leiðandi yrði ársreikningar þeirra minna samanburðarhæfir. Í upphafi 2. mgr. 28. gr. er notað hugtakið ásetningur. Það er mat seðlabankans að orðalagið áform eða ákvörðun væri hentugra.

34	Félag löggiltra endurskoðenda	29	Sleppa 'afskrifuðu' úr 'afskrifuðu kostnaðarverði'. Fullnustueignir eru ekki afskrifaðar. Hér er verið að setja reglu um lægsta verð, þannig að matið er gangvirði eða kostnaðarverð, eftir því sem lægra er.
35	Félag löggiltra endurskoðenda	30	30. grein þarf að heita "Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir." Bæta þarf við í 30. gr. um mat óefnislegra eigna Óefnilegar eignir skulu færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Óefnilegar eignir skal afskrifa árlega á áætluðum nýtingartíma þeirra. Ef gangvirði óefnilegra eigna er lægra en afskrifað kostnaðarverð og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar, ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt settum reikningskilareglum.
36	Landssamtök lífeyrissjóða	30	Engin ákvæði eru um óefnislegar eignir í V. kafla reglnanna, en í 16. grein er fjallað um óefnislegar eignir og rekstrarfjármuni.
37	Félag löggiltra endurskoðenda	33	Í greininni, 2. mgr., er talað um 'endurmat' og 'uppfærslur' en ekkert slíkt er í reglunum þannig að þessi orð ættu að fara út. Setningin gæti þá hljóðað: "Greint skal frá aðferðum við mat, afskriftir og niðurfærslu eigna og skulda."
38	Landssamtök lífeyrissjóða	33	Orðinu "endurmat" í 2. málslið virðist ofaukið, því hvergi annars staðar í reglunum kemur orðið fyrir. Því er ekki ljóst frá hvaða aðferðum við endurmat skal greint.

39	Félag löggiltra endurskoðenda	34	Bæta þarf við um upplýsingar í efnahagsreikningi, 'Óefnislegar eignir'
40	Landssamtök lífeyrissjóða	34	Í greininni er vísað til áunninna tekna, sbr. lið 2.3 í efnahagsreikningi. Í efnahagsreikningi eru áfallnar tekjur. Þarf að samræma. Í greininni eru ekki nefndar óefnislegar eignir. Telja verður að þörf sé á því að nefna þær hér til samræmis við ýmsa aðra liði.
41	Félag löggiltra endurskoðenda	35	Breyta orðaröð í tl. 4"... þrepskiptingu gangvirðis skv. settum reikningskilareglum sundurliðað fyrir fjáreignir og fjárskuldir."
42	Félag löggiltra endurskoðenda	37	Sleppa þessari grein, gerð er krafa um sundurliðun á eignarhlutum í 43. gr.
43	Félag löggiltra endurskoðenda	40	Bæta við úr eldri reglum: "Tilgreina skal heildarfjárhæð lána og ábyrgða sem veittar hafa verið stjórn, framkvæmdastjóra og öðrum stjórnendum sjóðsins og einstaklingum nátengdum þeim. Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við ef eingöngu er um að ræða lán sambærileg þeim sem sjóðfélagar hafa fengið hvað varðar fjárhæð og kjör."

44	Landssamtök lífeyrissjóða	40	Í greininni er nefnt að upplýsa skuli um laun þeirra stjórnenda sem framkvæmdastjóri hefur ráðið og bera ábyrgð á einstökum hlutum af daglegum rekstri. Helst er að leita samjöfnuðar í ákvæðum í reglum kauphallarinnar sem gerir kröfu um að upplýst skuli um laun næstráðenda í félögum með skráð hlutabréf. Það ákvæði tekur fyrst og fremst til stjórnenda stórra dótturfélaga og stórra starfsþátta þessara félaga eða samstæða. Hjá lífeyrissjóðum eru að jafnaði fáir starfsmenn og ákvæðið óbreytt er því verulega íþyngjandi fyrir sjóðina og þá starfsmenn sem þannig yrðu sérgreindir, auk þess sem þær kynnu að vera viðkvæmar vegna samkeppnissjónarmiða og í samkeppni um starfsfólk. Lagt er til að ákvæðið taki einungis til þeirra starfsmanna sem ráðnir eru af stjórn.
45	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	40/41	Að mati SL er of langt gengið í upplýsingagjöf um laun og þókanir til starfsmanna sjóðanna og til aðila sem t.a.m. lögbundið eiga að vinna fyrir sjóðina. Tilgangur með upplýsingagjöf sem lagt er til í 40 og 41 verður að byggja á málefnalegum ástæðum og hafa vísun í nauðsynlega upplýsingagjöf til sjóðfélaga svo reikningskilin séu þeim glögg og skýr.
46	Félag löggiltra endurskoðenda	41	Í 2 málslíð 1. mgr. segir "Upplýsingar skal sundurliða í þóknun fyrir endurskoðun annars vegar og fyrir aðra þjónustu hins vegar". Lagt er til að þetta verði orðað þannig: Upplýsingar skal sundurliða í þóknun fyrir endurskoðun, könnun og aðra staðfestingarvinnu annars vegar og fyrir aðra þjónustu hins vegar.
47	Landssamtök lífeyrissjóða	47	Lagt er til að inn í heiti taflnanna verið skotið orðinu "sameignardeildar" til samræmis við yfirlit sem birt er í viðauka I.
48	Landssamtök lífeyrissjóða	49	Lagt er til að í 10. lið (Hlutfallsleg skipting lífeyris) verði orðinu "eftirlaun" skipt út fyrir "ellilífeyri".

50	Félag löggiltra endurskoðenda	50	Í skýrslu stjórnar er felld út krafa um ýmsar upplýsingar sem er í reglugerð 55/2000, og er óþarfi að fella út. Bæta þarf inn í greinina: "Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda greiðandi sjóðfélaga á árinu, fjölda virkra sjóðfélaga, þ.e. sjóðfélaga sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, fjölda lífeyrisþega, fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, stjórnar og annarra í þjónustu sjóðsins."
51	Landssamtök lífeyrissjóða	51	Einu leiðbeiningar um stjórnarhætti sem hafa verið gefnar út hér á landi eru samstarfsverkefni Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs og Kauphallarinnar (Nasdaq OMX Iceland). Lagt er til að lífeyrissjóðum verði gert að fylgja þeim reglum eftir því sem við á.
52	Landssamtök lífeyrissjóða	52	LL leggur áherslu á að reglurnar verði gefnar út svo fljótt sem verða má eftir að umsagnarfresti lýkur, þannig að lífeyrissjóðum gefist sem allra mestur tími til að undirbúa og gera nauðsynlegar breytingar á bókhaldslyklum og öðrum þáttum sem breytast með nýjum reglum.
53	Landssamtök lífeyrissjóða	Viðauki 1	Í efnahagsreikingi er notað samheitið "Eignir notaðar í rekstri sjóðsins" sem ekki er mjög þjált eða lýsandi. Gerð er tillaga um að kaflinn heiti ýmsar eignir eða aðrar eignir. Í sjóðstreymi er fjárfestingarhreyfingum raðað með hliðsjón af tegundum eigna sem þær tengjast. Að mati LL kæmi til greina að heimilað yrði að fjárfestingarhreyfingar mætti flokka þannig að fyrst yrðu taldar upp allar innborganir, síðan allar útborganir. Það gæfi færi á að lífeyrissjóðir gætu birt millisummur í fjárfestingarhreyfingum fyrir innborganir og útborganir.